

Mál nr. 143/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða í Ártúnsbrekku í Reykjavík 14.2.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
2. Bréf V dags. 21.3.2017.
3. Bréf ökumanns A dags. 9.3.2017.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið til austurs Ártúnsbrekku. Lögregla lýsir aðkomu með þeim hætti, að A hafi verið stödd við vegrið en B á miðri akrein 40 metrum framar. Ökumaður A og farþegi í A segja að A hafa verið ekið eftir akrein lengst til vinstri þegar B sem ekið var eftir miðakrein var skipt yfir á vinstri akrein í veg fyrir A með þeim afleiðingum að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður B segist hafa ekið eftir miðakrein þegar óþekktri bifreið var ekið framúr B og hafi hann þá hægt ferðina og ekki vitað fyrir en A hafi ekið aftan á B. Ökumaður B segist ekki hafa skipt um akrein til vinstri.

Álit.

Af lögregluskýrslu verður ekki ráðið með fullri vissu hver aðdragandi árekstursins var. Ökumenn greinir á um aðdragandann og ekkert liggur fyrir í málinu sem réttlætir að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn miðað við fyrirbyggjandi gögn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður um sig ber helming sakar.

Reykjavík 13.6.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.